

# EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

## Silfurstjarnan í Öxarfirði Silfurstjarnan Núpsmýri og Sigtún, klakstöð

<b>Dags eftirlits</b>	6.5.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Silfurstjarnan í Öxarfirði	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Núpsmýri	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6107881579	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Benedikt Kristjánsson	<b>ÍSAT nr.</b>	05.02.2
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Heiðdís Smáradóttir	<b>Staðsetning</b>	609834,024 639750,616

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar. Beðið er eftir niðurstöðu undanþáguumsóknar til Umhverfissráðuneytisins v. gr. 2.6 í starfsleyfi.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og bent á skiladaga skv. því. Öllum gögnum sem skila ber skv. starfsleyfi hefur verið skilað á réttum tíma. Útreikningum mæliniðurstaða úr sýnatökum var skilað í eftirliti og eru niðurstöður þeirra, allar innan marka starfsleyfis.

Rekstraraðili sótti um undanþágu frá ákvæði gr. 2.6 í starfsleyfi, sem kveður á um að dæla skuli seyru upp úr settjörnum áður en safnrými er fyllt, til Umhverfissráðuneytisins þann 10. september sl. en svar hefur enn ekki borist. Óskað var eftir leyfi til að losa seyruna út í Brunná og ef leyfi fæst þá er stefnt á að dæla upp úr tjörnunum þegar hæst er í ánni nú í haust.

Rætt var um niðurstöður rannsóknar VAXNA verkefnisins, Aur í áburð. Niðurstöður þeirrar rannsóknar gefa vonir um að hægt sé að nýta seyruna til áburðargjafar en til að fá betri mynd af möguleikunum þá þarf að halda rannsóknunum áfram. Rekstraraðili er ekki búinn að ákveða hvort að hann fari í áframhaldandi rannsóknir en beiðni hefur komið frá bændum um að fá að nýta seyruna á kálgarða og í nýræktir, þó ekki í miklum mæli enn sem komið er.

Gengið var um eldisstöðina og frárennsli skoðað. Mun minna vatn var í settjörnunum nú en í síðustu heimsókn og ekki var að sjá fitubræk á vatninu. Fóðurleifar sáust í botninum en enga óeðlilega lykt var að finna frá tjörnunum. Ekki var að sjá neina óeðlilega gróðurmyndun eða úrgang við frárennslið út í Brunná en tveir umbúðarkassar lágu við frárennslisopið sem rekstraraðili var beðin um að fjarlægja. Ekki var að sjá fitubræk frá fituskilju og er hún losuð einu sinni á ári.

Farið var í eldisstöðina í Sigtúni og frárennslið skoðað. Fóðurleifar sáust við frárennsli en skýringin á því er að fiskurinn er að fara í hrygningu og þá minnkar hann át á meðan. Stilla þarf af gjöf m.t.t. þess. Það getur tekið nokkra daga og á meðan er hætta á að umframfóður fari út með frárennslinu. Engar fóðurleifar sáust í frárennsli seiðakara og ekki var hægt að greina óeðlilegan gróðurvöxt eða lykt frá viðtaka.

### ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

### ANNAÐ

Hingað til hefur allt slóg farið í urðun á Kópaskeri en á næstu vikum er stefnt að því að það verði keyrt suður á Reykjanes í mjölvinnslu. Sjálfdaður fiskur sem háfaður er upp fer í vinnslu á refafóðri.

Hvatningakerfi Umhverfisstofnunar var kynnt rekstraraðila og var rætt um hvaða skilyrði stofnunin setji varðandi innra umhverfisstjórnunarkerfi. Spurt var hvort að IMO vottun rekstraraðila gæti flokkast sem slíkt kerfi. Umhverfisstofnun mun skoða málið.

Reykjavík, 08.05.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.